

Málkostnaður fyrir yfirdómi þykir eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 61/1912:

Holger Debell fyrir hönd  
hins danska steinolíuhluta-  
félags í Reykjavík.

gegn

Birni Rósenkranz.

D ó m u r:

Hinn stefndi Björn Rósenkranz kaupmaður í Reykjavík höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Holger Debell, framkvæmdarstjóra hins danska steinolíuhlutafélags hér í bænum, til að fá hann fyrir hönd félagsins dæmdan til skaðabóta fyrir skemdir á uppskipunarbát, stefnda tilheyrandi, og glötun á legufærum bátsins, en stefndi kendi þetta hvorttveggja skipshöfninni á skipinu »Nordlyset«, sem er eign nefnds steinolíufélags. Var málið dæmt í téðum rétti 28. nóv. f. á., með þeim úrslitum, að áfrýjandinn fyrir hönd steinolíufélagsins skyldi greiða stefnda í skaðabætur 595 kr. og 40 kr. málskostnað, en sjálfur var Debell dæmdur til að greiða 10 kr sekt til landssjóðs fyrir brot á sáttalöggjöfnni.

Dómi þessum hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. des. f. á., og krafist þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður af öllum skaðabótageiðslum og málskostnaðargreiðslu til stefnda, og af sektargreiðslu til landssjóðs, en að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfryjandinn dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað fyrir yfirrétti eftir mati yfirdómsins.

Hinn 6. eða 7. febr. f. á var ofsarok á Reykjavíkurböfn af norðri eða norðaustri og lá þar þá á höfninni skip danska steinolíufélagsins »Nordlyset« og afturundan því (suður og vestur af því) í nokkurri fjarlægð, uppskipunarbátur, er stefndi átti. Með því að veðrið, sem hafði haldist nokkra fyrirfarandi daga, var einna mest nefndan dag, gaf »Nordlyset« út af keðjum sínum um 45 faðma, að því er áfryjandi segir, en upp úr því atvikaðist það svo, að skipinu og uppskipunarbátinum lenti saman og tók skipið jafnvel að brjóta uppskipunarbátinn eitthvað að framanverðu. Leystu þá skipverjar á »Nordlyset« bátinn frá legufærum hans og bundu hann í taug aftan á skipið, og brotnaði hann þá reyndar mest eftir það. En legufærin skildu skipverjar eftir þar sem þau voru, er þeir leystu bátinn frá þeim, og hafa þau ekki sézt síðan.

Þegar veðrinu slotaði var báturinn brotinn svo, að viðgerð á honum hefir verið metin kosta 400 krónur og auk þess 65 kr. að afla til hans ára og stýris og fleka er í honum voru, en tekið hafði út og tapast, og taldi stefndi að steinolíufélagið, sem áfryjandinn er framkvæmd-

arstjóri fyrir, ætti sem eigandi skipsins »Nordlyset« að bæta sér skaða þennan á bát og farvið og sömuleiðis missi legufæranna, 130 kr., og voru þessar bætur dæmdar stefnda í bæjarþingsdóminum með alls 595 krónum.

Afryjandinn hefir haldið því fram, að honum beri ekki skylda til að bæta skaða þann, er bátur stefnda varð fyrir við umrætt tækifæri, þegar af þeirri ástæðu, að báturinn hafi, þegar honum lenti saman við »Nordlyset«, legið utan þeirra takmarka, er bátum er leyfð lega á höfninni samkvæmt hafnarreglugerð kaupstaðarins og ákvæðum hafnarnefndar. En þetta verður ekki álitíð. Eftir vitnisburði hafnsögumannsins og öðrum gögnum verður það að teljast sannað, að báturinn hafi legið talsvert fyrir innan umgetin takmörk. Það getur á hinn bóginn heldur ekki eitt fyrir sig ráðið úrslitum þessa máls, þótt álitíð verði, að »Nordlyset« hafi verið komið inn fyrir nefnd takmörk, inn á svæði það, er bátum er skipuð lega á höfninni, því að ekkert bann er fyrir það lagt í greindum ákvæðum, að skip eins og »Nordlyset«, sem ferma og afferma, megi liggja á greindu svæði. Þá er heldur ekki sannað í málinu, að skipið eða bátinn hafi rekið fyrir festum og að samreksturinn verði kendur öðruhvoru þeirra eða báðum fyrir illan umbúnað í því tilliti. En eins og áður er sagt, gaf »Nordlyset« út talsvert af festum sínum, og uppúr því var báturinn kominn svo nærri skipinu, að hann tók að berjast við það, enda gerðu þá skipverjar tilraun til að losa hann frá skipinu og leystu hann í því skyni frá legufærum hans og bundu hann svo aftan í skipið. En þó að þetta að sögn áfryjanda hafi verið gert til að bjarga bátnum, þá er það sannað sérstaklega með vitnisburði háseta á »Nordlyset«,

að bátinn braut við skipið, einmitt aðallega eftir að hann var leystur frá legufærum og kominn aftan í það. Það er enginn vafi á því, að skemdir þær á bát stefnda, er þannig orsökust, verður að gefa »Nordlyset sök á, því að þótt viðurkent sé í málinu, að það hefði með vélar-krafti getað haldið sér fyrir veðrinu, þá sanna atvik málsins sjálf, þar sem hvorugt rak fyrir festum, að skipið hefir fært sig svo nærri bátnum, er það gaf út af festunum, að það stofnaði honum í hættu, en síðan varð það með afskiptum sínum af bátnum bein sök í því, að hann brotnaði. Það er reyndar alls ekki sannað, að alt það, er bátur stefnda reyndist brotinn eftir veðrið, hafi orsakast beint af samrekstri hans við »Nordlyset«, því að það má telja það að minsta kosti mjög líklegt, eftir skýrslum málsins, að báturinn hafi brotnað nokkuð, þar sem hann lá bundinn aftan í »Nordlyset«, við samanrekstur við annan uppskipunarbát, er lá þar nærri og virtist einnig hafa brotnað þá um nóttina, en í þessu tilliti verður að athuga það, að bát stefnda hafði verið sköpuð afstaða hans til þessa uppskipunarbáts af skipverjum á »Nordlyset«, er þeir færðu hann frá legufærum sínum og hlaut þá »Nordlyset« að bera ábyrgð á afdrifum hans upp frá því, og þá einnig af skemdum af samanrekstri við nefndan uppskipunarbát, ef orðið hefir. Um legufæri báts stefnda, er skipverjar á »Nordlyset« leystu frá bátnum og bundu, að því er áfrýjandi segir, við bólið, þar er báturinn hafði verið, en síðan eru horfin með öllu, er ekki vafi á, að áfrýjanda ber að bæta stefnda þau. En farvið úr bátnum, er laus var í honum, árar, stýri og fleka, sem talið er glatað úr honum og metið hefir verið 65 króna virði, virðist eigi rétt að áfrýjandi verði skyldaður til að

endurgjalda stefnda, með því að það virðist alls ósannað, að þessir munir hafi eigi verið flotnir burtu úr bátnum áður en ábyrgð skipverja skapaðist með afskiftum þeirra af bátnum, enda virðist báturinn, eftir framburði vitnanna að dæma, hafa fylst áður, og hann því verið í kafi.

Um upphæð skaðabóta þeirra, er að öðru leyti eru dæmdar stefnda í bæjarþingsdóminum, og sem byggðar eru á mati dómkvaddra manna, að því er brot á bátnum sjálfum snertir, en á óhrakinni skýrslu stefnda um verð legufæranna, er yfirdómurinn samþykkur nefndum dómi og ákveðast þær því 530 kr., en vaxta var ekki krafist í héraði og þeim því réttilega slept í hinum áfrýjaða dómi.

Áfrýjandi H. Debell er með hinum áfrýjaða dómi dæmdur í 10 kr. sekt til landsjóðs, samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819 fyrir að koma ekki sjálfur á sáttafund, heldur senda annan í sinn stað og sanna þó ekki forföll eftir áskorun mótpartsins fyrir bæjarþingi, sem mætti sjálfur á sáttafundinum (sbr. kgsbr. 19. okt. 1798, 2. b.). En greind áskorun var eigi gerð fyr en málið hafði verið sótt og varið að efni til og kom því of seint fram til þess, að áfrýjanda væri skylt að sinna henni. Umgetin sekt verður því að falla niður.

Málskostnaðarákvæði dómsins þykir eftir atvikum rétt að staðfesta, en málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Holger Debell fyrir hönd hins danska steinolíufélags greiði stefnda Birni Rósenkranz kaup-

manni 530 krónur í skaðabætur og í málskostnað fyrir undirrétti 40 krónur. Málskostnaður fyrir yfir-dómi fellur niður.

Dóminum á að fullnægja innan 8 vikna frá lög-birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 18/1913

Réttvísín

gegn

Þorvarði Guðnasyni og  
Benedikt Sæmundssyni.

#### D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 18. marz þ. á., voru hinir ákærðu, Þorvarður Guðnason og Benedikt Sæmundsson, húsmenn í Reykjavík, dæmdir samkvæmt 231. gr. 4. lið almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og sömu grein sbr. 45 gr. sömu laga til að sæta hvor um sig eins árs betrunarhúsvinnu; svo skyldu þeir og greiða in solidum iðgjöld 136 kr. til firmans G. Gíslason & Hay, Ltd., og allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En dómi þessum hefir af réttvísinnar hálfu verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu með eigin játningu ákærðu, að þeir hafi gert sig seka í eftirgreindum afbrotum :

Nóttina milli 30. og 31. des. síðastl. brutu þeir glugga á vörugeymsluhúsi firmans G. Gíslason & Hay Ltd. við Lindargötu hér í bænum, fóru inn um glugg-